



Sent á eigendur Sorpu bs.

Reykjavík, 22. desember 2020

### **Efni: Boðaðar breytingar á gjaldskrá Sorpu bs.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til tilkynningar Sorpu bs. um breytingar á gjaldskrá vegna móttöku úrgangs á starfsstöðvum samlagsins. Umræddum breytingum, sem samþykktar voru af stjórn Sorpu bs. í október sl., er ætlað að taka gildi 1. janúar nk.

Með boðuðum breytingum koma til framkvæmda bæði hækkunar og lækkunar á ýmsum úrgangsflokkum og er þar um verulegar breytingar að ræða, frá þeirri gjaldskrá sem nú er innheimt samkvæmt Sorpu bs. Samkvæmt tilkynningu Sorpu bs. munu heildartekjur Sorpu aukast um 24% vegna breytinganna.

SI hafa kynnt sér boðaðar breytingar ásamt því að funda með fulltrúum frá Sorpu bs. þar sem breytingarnar hafa verið kynntar. Af fyrirliggjandi gjaldskrá, sem koma mun til framkvæmda 1. janúar nk., er ljóst að umtalsverð hækkun á tveimur flokkum mun koma mjög illa við aðildarfyrirtæki SI og hafa samtökin leitað frekari skýringa Sorpu á þeirri hækkun. Þar er um að ræða annars vegar **gler** og hins vegar **steinefni** þar sem hækkun er um 260% frá því sem nú er. Sem afleiðing þessara breytinga er ljóst að einstök fyrirtæki í endurvinnslu glers og mannvirkjageira eru hvert og eitt að fara að taka á sig hækkun á greiðslum til Sorpu bs. sem telur í tugum milljóna á ári hverju. Þessi gríðarlega kostnaðaraukning mun óneitanlega vera verulegt högg fyrir þessi fyrirtæki og mun óhjákvæmilega hafa áhrif á kostnað þeirrar þjónustu sem þau veita, s.s. byggingarkostnað.

Í ljósi framangreindrar hækkunar hafa SI leitað skýringa á hækkunum gjaldskrárinnar, s.s. fjárhagslegum útreikningi þeirra og þeim breytingum í starfsemi Sorpu bs. sem valda umræddri hækkun. Samtökin telja að enn hafi ekki borist fullnægjandi skýringar á umræddum hækkunum aðrar en almennar tilvísanir til lagaskyldu sem hvílir á samlaginu og kostnaði við meðhöndlun þessara úrgangsflokka, bæði beinum sem og óbeinum kostnaði. Í þessu samhengi hafa SI talið mikilvægt að sýna fram á raunverulegan kostnað sem hlýst af móttöku og meðhöndlun þessara tilteknu úrgangsflokka enda óumdeilt að Sorpu bs. er eingöngu heimilt að innheimta þann kostnað sem á samlagið fellur við það ferli. Þau svör sem fengist hafa frá Sorpu bs. vegna þessa hafa ekki verið fullnægjandi eða sýnt fram á þann kostnað sem á samlagið fellur. Þá hefur á fundum með Sorpu bs. komið fram að allt að 90% af umræddum hækkunum taki til óbeins kostnaðar án þess að samlaginu hafi tekist að sýna fram á hvernig sá óbeini kostnaður falli til eftir flokkum og að sama skapi hvernig sá kostnaður taki með þeim hætti til t.d. glers og steinefna.

Þá hefur ýmis kostnaður ekki verið nánar sundurliðaður í þeim svörum sem þó hafa borist frá Sorpu bs., s.s. almennur verktakakostnaður, sem samlagið telur ekki unnt að heimfæra á tiltekna úrgangsflokka, þrátt fyrir að hafa móttengið sama úrgang yfir langt skeið og má því vera ljóst af fyrri framkvæmd hvernig sá kostnaður skiptist á milli flokka. Án slíkra upplýsinga verður ekki komist undan því að telja að þær forsendur sem liggja til grundvallar séu ófullnægjandi og/eða rangar.



SI benda á að á meðan ekki er unnt að sýna fram á fullnægjandi útreikning og fjárhagslegar forsendur fyrir hækkun á þessum úrgangsflokkum þá er verulegur vafi uppi um hvort verið sé að innheimta það gjald sem sannarlega fellur til við að þjónusta þessa aðila og meðhöndla þann úrgang sem um ræðir. Áréttu samtökin að slík gjöld eiga almennt ekki að standa undir öðrum óskyldum kostnaði eða vera til tekjuauka fyrir Sorpu bs., sbr. almenn sjónarmið um innheimtu þjónustugjalda.

SI hafa eins og framan greinir óskað eftir nánari skýringum á þeim breytingum á verklagi sem Sorpa bs. hefur vísað til en ekki hefur fengist nánari útskýring á þeim þætti, sem þó ætti að liggja fyrir með skýrum hætti sem ein af forsendum fyrir hækkun á gjaldskrá samlagsins. Þannig hefur ekki komið fram hvort hér sé um að ræða kaup á nýjum tækjabúnaði, breytingar á móttökusvæði og/eða -búnaði, aukningu á mannafla eða öðrum þáttum sem slíkt breytt verklag kallar á.

Þá benda SI á að á fundum með fulltrúum Sorpu bs. hefur komið fram að samlagið hefur við breytingu á gjaldskrá þeirri sem hér er til umfjöllunar ekki tekið tillit til hugsanlegra tekna sem Sorpa bs. kann að hafa af mótteknum úrgangi. Að sama skapi tekur sú gjaldskrá ekki tillit til hugsanlegs hagræðis sem Sorpa bs. kann að hafa af bættri flokkun hjá þeim aðilum sem afhenda úrgang á móttökustöðvum samlagsins. Hér þarf að horfa til þess að í einhverjum tilvikum er Sorpu unnt að hafa tekjur af úrgangi, s.s. vegna efnis til vegagerðar eða undirlags, en af svörum samlagsins má ráða að ekki hafi verið horft til slíkra tekjumöguleika við undirbúning og samþykkt gjaldskrárinnar. Endurspeglast það m.a. í því að Sorpa bs. hefur óskað eftir að eiga samtal við hagsmunaaðila eftir að gjaldskráin tekur gildi til þess að greina nánar þessi atriði með það að leiðarljósi að gjaldskrá endurspegli slíkt hagræði. Af þessu má ráða að verulegir vankantar voru við undirbúning á hinni nýju gjaldskrá og allar forsendur hafi ekki legið fyrir þegar þær breytingar sem hún mun innleiða var kynnt og samþykkt af stjórn Sorpu bs.

Með vísan til þeirra tekna sem Sorpa bs. kann að hafa af tilteknum úrgangi benda SI á að á fundum með fulltrúum samlagsins komu fram ábendingar frá aðildarfyrirtækjum samtakanna hvernig þau fyrirtæki hafa náð að koma á því verklagi í starfsemi sinni að flokka úrgang og koma í verð þeim úrgangi sem unnt er að endurnýta. Vandséð er því hvernig Sorpu bs. kann að vera ómögulegt að innleiða sama verklag í sinni starfsemi.

Þá telja SI verulega íþyngjandi fyrir m.a. aðila í mannvirkjageira að vera undirsettir slíkri gjaldtöku þess aðila sem er í einokunarstöðu við að veita þá þjónustu að taka mótí þessum úrgangi á höfuðborgarsvæðinu, samhliða því að með áformum skipulagsyfirvalda á því svæði stefnir að því að þetta byggð með tilheyrandi niðurrifi mannvirkja. Ljóst er að sú stefna mun kalla á aukið magn úrgangs, m.a. glers og steinefna, sem verktökum verður gert að skila til Sorpu bs. með tilheyrandi kostnaðarauka vegna þeirra gífurlegu hækkana sem stjórn Sorpu bs. hefur nú heimilað samlaginu að innheimta gjöld samkvæmt.

Ljóst er að boðaðar hækkanir, hvort sem um er að ræða gler og steinefni eða almenna meðaltalshækkun um 24% á alla flokka, eru langt umfram hækkun á neyslúvísitölu, sem munu leggjast af fullum þunga á jafnt heimili sem og fyrirtæki. Í þessu samhengi og á þessum tímapunkti er með öllu óskiljanlegt að stjórn Sorpu bs. skuli hækka gjaldskrá langt umfram verðlagsbreytingar sem er um leið ill samræmanlegt viðspyrnuaðgerðum stjórnvalda, þar á meðal eigenda Sorpu bs., sem kynntar hafa verið að undanfögnu. Rétt



er að hafa í huga að hækkanir þessar eru samþykktar af stjórn, þ.e. fulltrúum eigenda sem eru sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma og umræddar hækkanir voru samþykktar af eigendum hefur t.a.m. borgarráð Reykjavíkurborgar átt samtal við atvinnulífið um hvernig unnt sé að koma á viðspyrnuaðgerðum fyrir atvinnulíf á þessu svæði. Vekur það furðu að ekki skuli gætt að samræmi í þessum aðgerðum, þ.e. á meðan óskað er eftir ábendingum og samtali um aðgerðir til að liðka fyrir atvinnulífi skuli samhliða verið hækkuð gjaldskrá þar sem, eins og áður hefur komið fram, innleiddar eru allt að 260% hækkanir á þann iðnað sem hvað mest er treyst á í aðgerðum stjórnvalda, þ.e. byggingar- og mannvirkjagreinar sem tannhjól í uppbyggingu húsnæðis.

Þá er einnig rétt að benda á að Samtök iðnaðarins hafa skorað á stjórnvöld að halda aftur af hækkunum, líkt og kemur fram í umsögn samtakanna um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, þar sem segir m.a. að til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja eða hið minnsta draga ekki úr henni sé mikilvægt að halda aftur af hækkunum á sköttum og gjöldum nú þegar við siglum inn í samdráttarskeið. Eiga þau sjónarmið fullum fetum við um tekjuöflun Sorpu bs. og eigenda samlagsins jafnt sem starfsemi opinberra fyrirtækja á þeirra vegum. Því er mikilvægt að eigendur Sorpu bs. hugi vel að áhrifum slíkra breytinga sem hér um ræðir, fyrir jafnt heimili sem og fyrirtæki.

Hér má einnig nefna sem dæmi aðgerðir Reykjavíkurborgar til að létta undir með atvinnulífi, s.s. aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu, sem náí hvoru tveggja til heimila og fyrirtækja með það að markmiði að auka sveigjanleika í ljósi núverandi ástands, innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki um leið og jafnræðis og hagsmuna borgarinnar verði gætt. Sömu sjónarmið ættu að sama skapi að eiga fullum fetum við um önnur sveitarfélög enda mikilvægt að tryggja að hjól atvinnulífsins haldist gangandi á þessum viðsjárverðu tímum jafnt heimilum sem fyrirtækjum til hagsbóta. Öflugt atvinnulíf og atvinnuöryggi er að sama skapi mikilvægt hagsmunamál fyrir þau sveitarfélög sem innheimta lögbundin gjöld af atvinnustarfsemi.

Þá gera SI einnig athugasemdir við hvernig staðið er að þeirri gjaldskrárbreytingu sem hér um ræðir en þær koma fram seint á árinu og án samráðs við atvinnulífið. Eins og áður hefur komið fram liggur fyrir að þær breytingar voru samþykktar af stjórn Sorpu bs. í október sl. Það er hins vegar ekki fyrr en í nóvember sl., þ.e. eftir að þær breytingar voru samþykktar, að þær eru kynntar tilteknum hagsmunaðilum, þ.m.t. SI. Á fundum sem SI, ásamt aðildarfyrirtækjum samtakanna, hafa átt með fulltrúum Sorpu bs. undanfarið hafa m.a. komið fram ábendingar frá fyrirtækjunum um ýmsa þætti sem geta haft áhrif til lækkunar á gjaldtöku. Má þar nefna möguleika Sorpu bs. að afla tekna úr mótteknum úrgangi. Hafa fulltrúar Sorpu bs. tekið undir þau sjónarmið og boðað til samtals síðar meir um slíka ferla og ábendingar. Hins vegar breytir það ekki þeirri staðreynd að nýrri gjaldskrá er ætlað að koma til framkvæmda 1. janúar nk. með þeim gífurlegum hækkunum sem falla þar á einstaka úrgangsflokka þrátt fyrir að hugsanlega kunni að vera til staðar svigrúm til lækkana á þeim flokkum, s.s. á grundvelli meðhöndlunar, flokkunar og tekjuskapandi tækifæra sem í boði eru hvað þann úrgang varðar.

Að sama skapi má öllum sem koma að rekstri fyrirtækja, hvort sem það eru einkaaðilar eða opinberir aðilar, vera það ljóst að breytingar á gjaldskrá, hverjar sem þær eru, svona seint á árinu koma sér illa við starfsemi fyrirtækja sem þá þegar hafa lokið við áætlanagerð komandi árs í þeirra rekstri.



Í ljósi þessa átelja SI þau vinnubrögð sem uppi eru í máli þessu, s.s. hvað varðar skort á samráði í aðdraganda þess að breytingar á gjaldskrá Sorpu bs. eru bæði undirbúnar og samþykktar.

Samantekið benda samtökin á eftirfarandi:

- I. Enn liggur ekki fyrir, þrátt fyrir ítrekaða ósk um slíkt, sundurliðun á hækkunum vegna móttöku steinefna og glers sem telja um 260% hækkun á gjaldskrá.
- II. Enn liggur ekki fyrir, þrátt fyrir ítrekaða ósk um skýringar á því, á hvaða hátt breytingar verða á verkferlum hjá Sorpu bs. um móttöku, meðhöndlun og ráðstöfun á steinefnum og gleri.
- III. Enn liggur ekki fyrir úttekt eða greining á því hagræði eða tekjum sem kunna að falla í hlut Sorpu bs. við hagnýtingu á þessum efnum, s.s. vegna vegagerðar eða mannvirkjagerðar.
- IV. Umræddar hækkanir eru vel yfir þeim hækkunum sem orðið hafa á vísitölu neysluverðs undanfarið.
- V. Umræddar hækkanir ganga í berhögg við áætlanir ríkis og sveitarfélaga um aðhald í gjaldtöku þessara aðila sem hluta af viðspyrnuaðgerðum og þessum fordæmalausum tímum þegar rík þörf er á að halda hjólum atvinnulífsins gangandi.

Að teknu tilliti til framanritaðs, og alvarleika þess máls sem hér er til skoðunar, skora samtökin á eigendur Sorpu bs. að **falla frá fyrirhugaðri hækkun á gjaldskrá samlagsins og leita þess í stað leiða til að hagræða í rekstri samlagsins og auka tekjur með bættri nýtingu úrgangsins.**

Um leið er skorað á eigendur Sorpu bs. að **huga að vönduðum stjórnsýsluháttum og tryggja samráð við þá hagsmunaaðila sem sæta þurfa þeim gjöldum sem hér um ræðir áður en ákvarðanir eru teknar til hækkunar eða lækkunar á gjaldskrá Sorpu bs.** Átelja samtökin að slíkt samtal skuli einungis komið á, að svo virðist sem handahófskennt, eftir að breytingar á gjaldskrá voru samþykktar af stjórn Sorpu bs.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Hannesson  
Framkvæmdastjóri

Samrit sent á:

1. Stjórn Sorpu bs.